# Gunnar Sigfús Jónsson (1950- ), kennari frá Villingadal

2019/2

Gunnar Jónsson fæddist 18. ágúst 1950 í Ytri-Villingadal, Saurbæjarhrepp í Eyjafirði. Faðir hans var Jón Guðmundur Hjálmarsson, f. 6. október 1912, d. 21. október 1982, bóndi í Villingadal. Móðir hans var Sigurlína Hólmfríður Sigfúsdóttir f. 24. maí 1920, d. 4. desember 2008, húsfreyja í Villingadal. Gunnar á tvær systur.

Gunnar tók landspróf frá Héraðsskólanum á Laugum 1966. Hann útskrifaðist sem stúdent frá M.A. 1970 og fékk íþróttakennarapróf 1971. Hann fór einnig á ýmis kennaranámskeið á vegum Kennaraskólans og Kennaraháskóla Íslands.

Gunnar var kennari við Hrafnagilsskóla í Eyjafirði 1971-79 er á sama tíma var hann stundarkennari við Grunnskóla Saurbæjarhrepps. 1979-90 og 1991-1992 var hann skólastjóri Grunnskóla Saurbæjarhrepps (Sólgarðsskóla), hann stundarkennari við sama skóla 1990-91 og frá 1992. Eftir að hann flutti til Akureyrar var hann aðstoðarskólastjóri í Lundaskóla.

Gunnar var íþróttaleiðbeinandi á ýmsum sumarnámskeiðum frá 1971. Á sumrin vann hann við landbúnað og húsbyggingar.

Gunnar var í stjórn Bindindisfélagsins Dalbúans í nokkur ár.
1979-80 var hann í stjórn Ungmennafélags Saurbæjarhrepps.
1980-1982 í stjórn Ungmennafélagsins Vorboðans.
1983-1989 í stjórn Skógræktarfélags Eyfirðinga.
1985-1989 var hann umsjónarmaður Eldvarna Saurbæjarhrepps.

Gunnar er giftur Rósu Guðrúnu Eggertsdóttur f. 4. maí 1949 og á með henni tvo syni, þá Hjálmar Sigurjón Gunnarsson f. 7. apríl 1979 og Eggert Rúnar Gunnarsson f. 15. júní 1982.

Það var Gunnar Jónsson sjálfur sem afhenti gögnin. Gunnar hefur áður afhent safninu mjög margt af skjölum úr Saurbæjarhreppi og Eyjafirði, bæði frá einstaklingum, félögum og einnig frá sveitarfélögum.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
30. júlí 2020

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

| Skrán.nr. | Örk | | | Efni | Ath. |
|---|---|---|---|---|---|

**A-Gunnar Jónsson**

**A-Gunnar Jónsson** 1946 - 2015

## Gunnar Jónsson (1950- ) 2019 / 2

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2019 - | A / 1 | 1 | 1996- 1996 | Leikfélagið Búkolla - leikskrá fyrir leikritið ,,Skugga Sveinn" 1996. | |
| 2019 - | A / 1 | 2 | 1987- 1987 | Leikfélag Öngulsstaðarhrepps og UMF Árroðinn - leikskrá fyrir leikritið ,,Láttu ekki deigan síga Guðmundur" 1987. | |
| 2019 - | A / 1 | 3 | 2001- 2002 | Leikhússkólinn á Akureyri - leikskrár fyrir leikritin ,, Sígaunabaróninn" 2001 og ,,Helena fagra" 2002. | |
| 2019 - | A / 1 | 4 | 1986- 1994 | Leikfélag Húsavíkur - leikskrár fyrir leikritin: ,,Síldin kemur og síldin fer" 1986-87 og ,,Gamla Heidelberg" 1993-94. | |
| 2019 - | A / 1 | 5 | 1990- 2004 | Leikdeild Ungmennafélags Skriðuhrepps/Leikfélag Hörgdælinga - leikskrár fyrir leikritin ,,Sveitasinfónía" 1990, ,, Forsetaheimsóknin" 1994, ,,Saumastofan" 1996, ,,Allt á síðasta snúningi" 2000, ,,Þrek og tár" 2002 og ,,Klerkar í klípu" 2004. | |
| 2019 - | A / 1 | 6 | 1993- 2014 | Freyvangsleikhúsið - leikskrár fyrir leikritin ,,Hamförin" 1993-94, miðja úr leikskrá líklega ,,Kvennaskólaævintýrið" 1994-95, ,, Káinn" 2003, ,,Þorskur á þurru landi" 2014. | |
| 2019 - | A / 1 | 7 | 1986- 2004 | Leikfélag Dalvíkur - dagskrá ,,Til sjávar og sveitar" 1986, leikskrár fyrir leikritin ,,Jói" 1986, ,,Frænka Charleys" 1990 -1991, ,,Rjúkandi ráð" 1991-1992,,,Strompleikurinn" 1992 -1993, ,,Hafið" 1993-1994, ,,Land míns föður" 1994-1995, ,, Mávurinn" 1994-1995, ,,Að eilífu" 1997-1998, ,,Frumsýning" 1998-1999, ,,Bar Par" 1999-2000, ,,Sex í sveit" 2002, ,,Svarfdælasaga" 2004. | |
| 2019 - | A / 1 | 8 | 1946- 2015 | Leikfélag Akureyrar - leikskrár fyrir leikritin ,,Skálholt jómfrú Ragnheiður" 1946, ,,Silfurtúnglið" 1986, ,,Fiðlarinn á þakinu" 1988, ,,Fátækt fólk" 1990, ,,Ættarmótið" 1990, ,,Kysstu mig Kata" 1991, ,,Útlendingurinn" 1992, ,,Leðurblakan" 1993, ,, Óperudraugurinn" 1994, ,,Klukkustrengir" 1999, ,,Lísa í Undralandi" 2015, og bæklingur um leikárið 2001-2002. | |
| 2019 - | A / 1 | 9 | 1956- 1956 | Kynningarbæklingur Jónasar G. Rafnar við alþingiskosningar 1956. | |